

Ed.

257. Frumvarp til laga

[142. mál]

um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Miðlunartillögur, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum á sáttafundi 12. febrúar 1969 í sáttamálinu nr. 1/1969, skulu gilda sem samningur milli deiluaðila frá gildistöku laga þessara til ársloka 1969, þó til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulag um söltunarlaun.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, svo og framhald verkfalla yfirmanna á bátafлотanum, sem hófust í janúarmánuði 1969.

3. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kjarasamningar útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum gengu úr gildi 31. desember 1968. Samningar milli aðila um kaup og kjör náðust ekki og boðuðu yfirmenn verkföll á bátafлотanum, sem hófust 16.—18. janúar 1969. Deilunni var vísað til sáttasemjara ríkisins með bréfum dags. 10.—13. janúar 1969, og hefur sáttumleitunum síðan linnulaust verið haldið áfram. Þar sem ekki náðist samkomulag milli deiluaðila, lagði sáttasemjari fram miðlunartillögur á sáttafundi 12. febrúar 1969. Tillögur þessar voru síðan lagðar fyrir fundi í félögum deiluaðila og atkvæði síðan greidd um þær. Atkvæði féllu þannig, að tillögurnar voru samþykktar af útvegsmönnum með 227 atkvæðum gegn 31 atkvæði, 3 seðlar voru auðir, en felldar af yfirmönnum með 319 atkvæðum gegn 218 atkvæðum, en 15 seðlar voru auðir og 3 ógildir.

Samhliða þessari kjaradeilu var til meðferðar hjá sáttasemjara kjaradeila milli útvegsmanna annars vegar og háseta, matsveina og nokkurs hluta vélstjóra á bátafлотanum hins vegar. Í þeirri deilu lagði sáttasemjari fram tillögu, sem í megin deiluatríðum (um stofnun lífeyrissjóðs og greiðslu upp í fæðiskostnað) var samhljóða sáttatillögum þeim, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lögfest verði. Samkomulag náðist milli deiluaðila á grundvelli þeirrar sáttatillögu.

Verkföll vegna deilu þessarar hafa nú staðið um mánaðartíma, og mikill meiri hluti þeirra manna, sem á bátafлотanum starfa, samþykkt þá lausn deilunnar, sem í sáttatillögunum felst.

Atvinnuleysi það, sem nú er í landinu, stafar fyrst og fremst af yfirstandandi verkföllum á bátafлотanum. Til þess að firra þjóðina neyðarástandi og óbætanlegu tjóni, þykir nauðsyn bera til að binda endi á vinnudeilurnar með þeim hætti að lögfesta miðlunartillögur sáttasemjara ríkisins sem kjarasamning milli aðila.

Miðlunartillögur sáttasemjara ríkisins, í sáttamálinu nr. 1/1969, eru prentaðar hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

MIÐLUNARTILLAGA

frá sáttasemjurum í málinu nr. 1/1969.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, Reykjavík,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári, Hafnarfirði,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir, Keflavík,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið, Verðandi, Vestmannaeyjum,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Hafþór, Akranesi,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir, Siglufirði,
Skipstjórafélag Norðlendinga, Akureyri og
Véltjórafélag Íslands

g e g n

Útvegsmannafélagi Reykjavíkur,
Útvegsmannafélagi Snæfellsness,
Útvegsmannafélagi Austfjarða,
Útvegsmannafélagi Hornafjarðar og Djúpavogs,
Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar,
Útvegsmannafélagi Suðurnesja,
Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja,
Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar,
Útvegsmannafélagi Akraness og
Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis.

Neðanskráðir samningar og samkomulög skulu gilda sem kjarasamningar milli aðilja frá samþykktardegi þessarar tillögu til ársloka 1969 og til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulagið um söltunarlaun.

I.

VERTÍÐARSAMNINGUR

milli Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar um kaup og kjör á fiskveiðum með línu, netum, þorsknót, botnvörpu, dragnót og humarvörpu.

1. gr.

Hlutir skipstjóra og stýrimanna.

Hlutur skipstjóra skal aldrei vera minni en 2 hásetahlutir, I. stýrimanns 1½ hásetahlutur og II. stýrimanns 1¼ hásetahlutur. Hlutir þessir eru miðaðir við mannfjölda, hundradshluta til skipta og stærðir skipa, eins og fram kemur í 2.—8. gr. hér á eftir.

Auk ofangreinds skulu skipstjórar og stýrimenn fá í föst laun á mánuði kr. 624.00.

2. gr.

Um skiptakjör, þegar veitt er með línu.

I. Landróðrar.

- a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
- b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
- c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
- d) Á skipum 50 rúml. og yfir 31% miðað við 11 menn

Skv. c) og d) lið er reiknað með að 5 menn séu í landi. Vanti skipverja í róður, skal hans hlutur skiptast jafnt milli þeirra manna, sem þann róður fara. Sama gildir, ef landmann vantar, skal hlutur hans skipast jafnt milli landmanna, enda vinni þeir störf hans.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipum en að ofan greinir, skal heildarhundraðshlutinn hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegu, skal heimilt að hafa 2 mönnum fleira en um getur í lið I, og 4 mönnum fleira sé aflinn saltaður um borð, án hækkaðrar heildarprósentu, sem um getur í lið I.

Ef um fleiri menn er að ræða en að ofan greinir, skal heildarprósenta hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Um skiptakjör á veiðum með þorskanetum.

I. Landróðrar.

- a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
- b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
- c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
- d) Á skipum 50 að 130 rúml., 31% miðað við 11 menn
- e) Á skipum 130 rúml. og yfir 31.5% miðað við 12 menn

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegu, skal heimilt að hafa 1 manni fleira en um getur í lið I, og 3 mönnum fleira, ef aflinn er saltaður um borð, án þess að heildarprósenta í lið I hækki.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal heildarprósenta hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

4. gr.

Um skiptakjör á veiðum með botnvörpu.

- a) Á skipum undir 50 rúml., 32.5% miðað við 6 menn
- b) Á skipum 50—109 rúml., 32.5% miðað við 8 menn
- c) Á skipum 110—149 rúml., 32.5% miðað við 11 menn
- d) Á skipum 150—199 rúml., 33% miðað við 12 menn
- e) Á skipum 200—500 rúml., 33% miðað við 14 menn

Ef aflinn er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan getur, án hækkaðrar skiptaprósentu. Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

5. gr.

Um skiptakjör á veiðum með dragnót.

Á veiðum með dragnót skulu skipverjar fá 37% til skipta. Útgerðarmaður og viðkomandi skipshöfn skulu koma sér saman um fjölda skipverja, en þeir skulu þó aldrei vera fleiri en 7.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

6. gr.

Um skiptakjör á veiðum með humarvörpu.

Á veiðum með humarvörpu skulu skipverjar fá 37% til skipta, miðað við 6 manna áhöfn.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

7. gr.

Um skiptakjör á lúðuveiðum.

- a) Á skipum undir 50 rúml., 37% í 7 staði
- b) Á skipum 50—120 rúml., 37% í 10 staði
- c) Á skipum 120 rúml. og yfir 37% í 12 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

8. gr.

Um skiptakjör á þorsknót.

Á öllum stærðum skipa skal skipstjóri hafa 7.78%, þegar veitt er í þorsknót. Stýrimenn fá hlut skv. eftirfarandi mannfjölda á hinum ýmsu stærðum skipa:

- a) Á skipum að 60 rúml., 38% miðað við 10 menn
- b) Á skipum 60—120 rúml., 36.5% miðað við 11 menn
- c) Á skipum 120—240 rúml., 35.5% miðað við 12 menn
- d) Á skipum 240—300 rúml., 35.5% miðað við 13 menn
- e) Á skipum 300—500 rúml., 35% miðað við 14 menn

Ef afli er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan getur, án hækkaðrar skiptaprósentu. Aldrei skal þó skipt á fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

9. gr.

Útilegur.

Útilega telst, þegar komið er með veiði úr tveimur legum minnst, þar af aðra slægða og ísaða.

10. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir skipstjóra og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundradshluta afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga), sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) Skipstjóri	kr. 16 835.00
b) I. stýrimaður	— 16 835.00
c) II. stýrimaður	— 15 783.00

Skipstjóri og stýrimenn greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipstjóri og stýrimenn hafa rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði, um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem þeir greiða hann sjálfir, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Þegar veitt er með línu, í net, botnvörpu, humarvörpu, dragnót, loðnu- og þorsknót og á lúðulínu, skulu tryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar til 15. maí.
- b) Frá 16. maí til 15. september.
- c) Frá 16. september til 31. desember.

Heimilt er að skipta um greind veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist.

Tryggingartímabilið fyrir veiðar í dragnót gildir þó til loka veiðitímabilsins.

Þegar skip er á veiðum, þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar, og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

11. gr.

Um sölu afla erlendis o. fl.

Sé siglt með ísfisk til sölu erlendis, skal hlutur framangreindra samningsaðila af brúttóaflaverðmæti, að frádregnum 20%, vegna útflutningsgjalda, tolla og sölu-kostnaðar erlendis, svo og andvirði keypts fisks og síldar og aksturskostnaðar, vera eins og um getur í 2.—8. gr. þessa samnings, eftir því sem við á, sbr. og lög nr. 79/1968. Þegar siglt er með saltfisk og hann seldur erlendis, skal draga frá brúttó-söluverð, áður en til skipta kemur, útflutningsgjald, löndunarkostnað og tolla ef einhverjir eru, sbr. og lög nr. 79/1968.

Verði skipið fyrir töfum í ferðinni af völdum sjóttjóns, vélbilunar eða af öðrum orsökum en veðurs, sem nemur meira en 5 sólarhringum samanlagt í ferð eftir að löndun er lokið, skal samningsaðilum greitt kaup eins og sveini í vélsmiði með 8 ára starfsaldri.

Taki skip vörur til flutnings frá útlöndum umfram útgerðarvörur til eigin þarfa, nema salt og is til næstu veiðiferðar, skal skipverjum greidd 25% af farm-gjöldum, sem skiptist eins og um hlut væri að ræða. Farmgjöld séu hin sömu og hjá Eimskip.

12. gr.

Um hafnarfrí.

Á skipum, sem stunda veiðar með línu, netum, þorsknót eða botnvörpu og ef um útilegu er að ræða, skal yfirmönnum innan F.F.S.Í. tryggt frí frá störfum aðra hverja löndun. Sé fiskur saltaður um borð í skipinu, skulu nefndir samningsaðilar hafa frí við löndun.

13. gr.

Um sölu aflans og verð.

Skipstjórum og stýrimönnum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði skipsins.

14. gr.

Launagreiðslur milli veiðitímabila o. fl.

Sé skipstjóri bundinn vegna ráðningarsamnings síns við skipið milli veiðitímabila eða af öðrum orsökum, þ. e. vinni við skipið eða hafi eftirlit með skipinu, skal honum tryggt sama kaup og sveini í vélsmiði með 8 ára starfsaldri.

Þegar skipstjóri og stýrimenn vinna við skip milli veiðitímabila, skulu þeir hafa sama kaup og um getur í 1. mgr. Vinni sömu aðilar ólögskráðir við skip utan heimahafnar þess og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði, ef þess þarf með.

Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Útgerðarmaður skal greiða samningsaðilum tímavinnukaup og eftirvinnukaup vikulega.

15. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi skipstjóri eða stýrimaður að ferðast frá ráðningarstað til skips, skulu þeir taka kaup samkv. 14. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Upphald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

16. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði skipstjóri eða stýrimenn frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða þeim full laun samkvæmt sjómanna­lögum. Liggi skipstjóri eða stýrimenn sjúkir í heimahúsum og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipstjóra og stýrimanni, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

17. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuslys­atryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist að­standendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis.

Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarks­greiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

Framangrein ákvæði a) og b) liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og á skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna að verða teknar á samningatímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

18. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til váttryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans. Missi skipstjóri eða stýrimaður fót sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkvæmt gildandi reglugerð.

19. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félaga F.F.S.Í., sem svarar 0.7% af kauptryggingu samningsaðila, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður í skiprúm, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta skal greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers kauptryggingartímabils. Um stjórnir styrktar- og sjúkrasjóðanna skal fara eftir nánara samkomulagi milli F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

20. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili og/eða tryggingartímabili, skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga, sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hverrar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða tryggingartímabili lýkur.

21. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Félagar í L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta félaga í F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur skipstjóra og stýrimanna skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af heggja hálfu. Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

Sé skip sent til síldar- og fiskileitar eða til fiskirannsókna, þarf að semja um það sérstaklega.

22. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipstjóra og stýrimenn, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

23. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi stéttarfélagi um það, áður en skipverji fer úr skiprúmi.

24. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir til veiða á heimamíðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

25. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatríði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt. Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

26. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 11. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósentu skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

II.

VERTÍÐARSAMNINGUR

milli Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar, um kaup og kjör vélstjóra á fiskveiðum með línu, netum, þorsknót, botnvörpu, dragnót og humarvörpu.

1. gr.

Hlutir vélstjóra.

Hlutur I. vélstjóra skal aldrei vera minni en $1\frac{1}{2}$ hásetahlutur, II. vélstjóri $1\frac{1}{4}$ hásetahlutur og III. vélstjóri $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur. Hlutir þessir eru miðaðir við mannafjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa, eins og fram kemur í 2.—8. gr. hér á eftir.

Auk ofangreinds skulu vélstjórar fá í föst laun á mánuði kr. 624.00.

2. gr.

Um skiptakjör, þegar veitt er með línu.

I. Landróðrar.

- a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
- b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
- c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
- d) Á skipum 50 rúml. og yfir 31% miðað við 11 menn

Samkv. c. og d. lið er reiknað með að 5 menn séu í landi. Vanti skipverja í róður, skal hlutur hans skiptast jafnt milli þeirra manna, sem þann róður fara. Sama gildir, ef landmann vantar, skal hlutur hans skiptast jafnt milli landmanna, enda vinni þeir störf hans.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipum en að ofan greinir, skal heildarhundraðshlutinn hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegum, skal heimilt að hafa 2 mönnum fleira en um getur í lið I, og 4 mönnum fleira sé aflinn saltaður um borð, án hækkaðrar heildarprósentu, sem um getur í lið I.

Ef um fleiri menn er að ræða en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi, í hverri veiðiferð.

3. gr.

Um skiptakjör á veiðum með þorskanetum.

I. Landróðrar.

- a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
- b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
- c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
- d) Á skipum 50 að 130 rúml., 31% miðað við 11 menn
- e) Á skipum 130 rúml. og yfir 31.5% miðað við 12 menn

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegum, skal heimilt að hafa 1 manni fleira en um getur í lið I, og 3 mönnum fleira, ef aflinn er saltaður um borð, án þess að heildarprósentan í lið I. hækki.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

4. gr.

Um skiptakjör á veiðum með botnvörpu.

- a) Á skipum undir 50 rúml., 32.5% miðað við 6 menn
- b) Á skipum 50—109 rúml., 32.5% miðað við 8 menn
- c) Á skipum 110—149 rúml., 32.5% miðað við 11 menn
- d) Á skipum 150—199 rúml., 33% miðað við 12 menn
- e) Á skipum 200—500 rúml., 33% miðað við 14 menn

Ef aflinn er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan greinir, án hækkaðrar heildarprósentu.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

5. gr.

Um skiptakjör á veiðum með dragnót.

Á veiðum með dragnót skulu skipverjar fá 37% til skipta. Útgerðarmaður og viðkomandi skipshöfn skulu koma sér saman um fjölda skipverja, en þeir skulu þó aldrei vera fleiri en 7.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

6. gr.

Um skiptakjör á veiðum með humarvörpu.

Á veiðum með humarvörpu skulu skipverjar fá 37% til skipta miðað við 6 manna áhöfn.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

7. gr.

Um skiptakjör á lúðuveiðum.

- a) Á skipum undir 50 rúml., 37% í 7 staði
- b) Á skipum 50—120 rúml., 37% í 10 staði
- c) Á skipum 120 rúml. og yfir 37% í 12 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

8. gr.

Um skiptakjör á þorsknót.

- a) Á skipum að 60 rúml., 38% miðað við 10 menn
- b) Á skipum 60—120 rúml., 36.5% miðað við 11 menn
- c) Á skipum 120—240 rúml., 35.5% miðað við 12 menn
- d) Á skipum 240—300 rúml., 35.5% miðað við 13 menn
- e) Á skipum 300—500 rúml., 35% miðað við 14 menn

Ef afli er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan greinir, án hækkaðrar skiptaprósentu.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

9. gr.

Útilegur.

Útilega telst, þegar komið er með veiði úr tveimur legum minnst, þar af aðra slægða og ísaða.

10. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta af afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga) sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) I. vélstjóri	kr. 18 940.00
b) II. vélstjóri	— 15 783.00
c) III. vélstjóri	— 15 783.00

Vélstjórar greiði fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað. Vélstjórar hafa rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði, um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem þeir greiða hann sjálfir, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Þegar veitt er með línu, í net, botnvörpu, humarvörpu, dragnót, loðnu- og þorsknót og á lúðulínu, skulu tryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar til 15. maí.
- b) Frá 16. maí til 15. september.
- c) Frá 16. september til 31. desember.

Heimilt er að skipta um greind veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist. Tryggingartímabilið fyrir veiðar í dragnót gildir þó til loka veiðitímabilsins.

Þegar skip er á veiðum, þegar nýtt tryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar, og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

11. gr.

Um sölu afla erlendis o. fl.

Sé siglt með ísfisk til sölu erlendis, skal hlutur framangreindra samningsaðila af brúttóaflaverðmæti, að frádregnum 20%, vegna útflutningsgjalda, tolla og sölu-kostnaðar erlendis, svo og andvirði keypts fisks og síldar og aksturskostnaðar vera eins og um getur í 2.—8. gr. þessa samnings, eftir því sem við á, sbr. og lög nr. 79/1968.

Þegar siglt er með saltfisk og hann seldur erlendis, skal draga frá brúttósölu-verði, áður en til skipta kemur, útflutningsgjöld, löndunarkostnað og tolla, ef þessir kostnaðarliðir eru fyrir hendi, sbr. og lög nr. 79/1968.

Verði skipið fyrir töfum í ferðinni af völdum sjóttjóns, vélabilunar eða af öðrum orsökum en veðurs, sem nemur meira en 5 sólarhringum samanlagt í ferð eftir að löndun er lokið, skal samningsaðilum greitt kaup eins og sveini í vélsmíði með 8 ára starfsaldri.

Taki skip vörur til flutnings frá útlöndum umfram útgerðarvörur til eigin þarfa, nema salt og ís til næstu veiðiferðar, skal skipverjum greidd 25% af farmgjöldum, sem skiptast eins og um hlut væri að ræða. Farmgjöld séu hin sömu og hjá Eimskip.

12. gr.

Um hafnarfrí.

Á skipum, sem stunda veiðar með línu, netum, þorsknót eða botnvörpu og ef um útilegu er að ræða, skal vélstjórum innan F.F.S.Í. tryggt frí frá störfum aðra hverja löndun.

Sé fiskur saltaður um borð í skipinu, skulu nefndir samningsaðilar hafa frí við löndun.

13. gr.

Um sölu aflans og verð.

Vélstjórum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði skipsins.

14. gr.

Launagreiðslur fyrir vinnu milli veiðitímabila o. fl.

Þegar vélstjórar vinna við skip milli veiðitímabila, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

Vinni sömu aðilar ólögskráðir við skip utan heimahafnar þess, og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði. Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Vélstjórum skal tryggð dagvinna, skv. því sem segir í 1. mgr., milli veiðitímabila, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi vélstjóri óski vinnunnar.

Útgerðarmaður á sómuleiðis rétt á að óska eftir því að vélstjóri vinni. Annist vélstjóri vélgæzlu ólögskráður á frídögum sínum, skal útgerðarmaður greiða honum sem nemur 2 tíma vinnu á dag, og skal miða við helgidagkaup.

Verði sjótjón eða vélarbilun meðan á veiðitímabilinu stendur, og þurfi vélstjórar að vinna við skipið, skal þeim greitt, eftir að þeir hafa unnið í samtals 12 klst. að viðgerð, sama kaup og um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Vélstjórum skal tryggð 6 tíma lágmarkshvöld á sólarhring.

Útgerðarmaður skal greiða samningsaðilum tímavinnukaup og effirvinnulaun vikulega.

15. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi vélstjóri að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup skv. 14. gr., frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

16. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði vélstjóri frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.

Liggja vélstjóri sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á vélstjóra, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

17. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum, um atvinnuslysaftryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til fráfráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

Framangreind ákvæði a. og b. liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og á skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna verða teknar á samningsstímanum, en ekki er tilgreindur í samningi þessum.

18. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til váttryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans.

Missi vélstjóri fót sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkvæmt gildandi reglugerð.

19. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útgerðarmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félags 0.7% af kauptryggingu vélstjóra, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður í skiprúm, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta skal greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers kauptryggingartímabils.

Um stjórnir styrktar- og sjúkrasjóðanna skal fara eftir nánara samkomulagi við F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

20. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili og/eða tryggingartímabili skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga, sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hvernar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða tryggingartímabili lýkur.

21. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í. er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur vélstjóra skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Verði verkfall eða verkþann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkþannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkþann er.

Sé skip sent til sildar- og fiskileitar eða til fiskirannsóknna, þarf að semja um það sérstaklega.

22. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir vélstjóra, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

23. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi stéttarfélagi áður en vélstjóri fer úr skiprúmi.

24. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir fyrir veiðar á heimamiðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

25. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatríði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

26. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlegist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 11. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

III.

SÍLDVEIÐISAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra
útvegsmannafélaga og undirritaðra félaga
innan F. F. S. Í.

1. gr.

Samningur þessi gildir fyrir félaga undirritaðra skipstjóra- og stýrimannafélaga, er starfa á skipum, sem gerð eru út til loðnu- og síldveiða með hringnót og tekur til allra skipa, sem útgerðarmenn, er að samningi þessum standa, eiga, leigja eða hafa að öðru leyti útgerðarstjórn á.

2. gr.

Hlutir skipstjóra- og stýrimanna.

Á skipum, sem stunda veiðar skv. 1. gr. þessa samnings, skal skipstjóri hafa 8% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti.

Hlutur I. stýrimanns skal vera 1½ hásetahlutur og II. stýrimanns 1¼ hásetahlutur.

Hlutir þessir eru miðaðir við mannfjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa eins og hér segir:

- a) Á skipum undir 60 rúml., 39% er skiptist í 10 staði
- b) Á skipum 60—120 rúml., 37.5% er skiptist í 11 staði

- c) Á skipum 120—130 rúml., 36.5% er skiptist í 11 staði
- d) Á skipum 130—240 rúml., 36.5% er skiptist í 12 staði
- e) Á skipum 240—300 rúml., 36.5% er skiptist í 13 staði
- f) Á skipum 300—500 rúml., 36% er skiptist í 14 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.
Auk ofanritaðs skulu skipstjórar og stýrimenn hafa kr. 624.00 í kaup á mánuði.

3. gr.

Fiskur dreginn á handfæri.

Skipstjórar og stýrimenn eiga allan fisk, er þeir draga á færi, og fái þeir ókeypis salt í hann hjá útgerðinni, enda sé öll lipurð sýnd af skipsráðanda hálfu um geymslu- stað fyrir fiskinn.

4. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir skipstjórum og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta af afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga) sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) Skipstjóri	kr. 16 835.00
b) I. stýrimaður	— 16 835.00
c) II. stýrimaður	— 15 783.00

Skipstjórar og stýrimenn greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipverji hefur rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði, um miðjan mánuð og í mánaðarlök, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti sem skipverji greiðir hann sjálfur, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðis- kostnað.

Tryggingartímabil á síldveiðum skulu vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Séu stundaðar þorskveiðar í nótt, skulu þær fylgja sama tryggingartímabili og síldveiðar, enda séu þorskveiðarnar stundaðar næst á eftir þeim veiðum og í beinu framhaldi af þeim. Sama gildir um loðnuveiðar.

Þegar skip er á veiðum þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Þegar skipverjar salta síld um borð, skal miðað við tunnufjölda, sem búið er að afla þegar tímabilin skiptast.

Heimilt er að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertiðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

5. gr.

Um sölu aflans og verð.

Skipstjórum og stýrimönnum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968, og samkomulag um verkunarlaun en þá fær skipstjóri og stýrimaður í sinn hlut verkunarlaun og hlut úr hráefnisverði saltsíldar, miðað við uppsaltaða tunnu.

Verkunarlaun reiknast ekki inn í kauptryggingu.

Sé síld keypt til söltunar af öðru veiðiskipi, skulu skipverjar fá til skipta mismun á kaupverði þeirrar síldar og verðmætis uppsaltaðrar tunnu, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Þegar skip selur sild erlendis, skal áður en til skipta kemur, draga 10% frá brúttósöluverði, þegar um bræðslusild er að ræða, en 19% þegar um sild til annarrar vinnslu er að ræða, sbr. og lög nr. 79/1968.

6. gr.

Launagreiðslur fyrir vinnu milli veiðitímabila o. fl.

Sé skipstjóri bundinn vegna ráðningarsamnings síns við skipið milli veiðitímabila, eða af öðrum orsökum, þ. e. vinni við skipið eða hafi eftirlit með skipinu, skal honum tryggt sama kaup og sveinum í vélsmíði með 8 ára starfsaldri.

Stýrimönnum skal tryggð dagvinna skv. því, sem segir í 1. mgr., milli veiðitímabila, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi stýrimaður óski vinnunnar. Útgerðarmaður á sömuleiðis rétt á að óska eftir því að stýrimaður vinni.

Vinni skipstjóri og stýrimaður ólögskráðir við skip sitt utan heimahafnar þess og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði, ef þess þarf með.

Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið ferðakostnað milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Útgerðarmaður skal greiða skipverjum tímakaup og eftirvinnukaup vikulega.

7. gr.

Hafnarfrí.

Ef komið er til heimahafnar, eða hafnar í nágrenni við heimahöfn eftir þriggja vikna útivist frá heimahöfn eða lengur, skal skipstjóri og stýrimaður fá minnst sólarhrings frí frá skipi.

Komi skip í heimahöfn innan þessara þriggja vikna til losunar á afla eða af öðrum ástæðum, og stöðvar skemmri tíma en 24 klst., skerðir það ekki rétt skipstjóra og stýrimanna til leyfis, skv. 1. mgr.

Stöðvi skip í 24 klst. eða lengur í heimahöfn af einhverjum ástæðum, skal útivist reiknast frá brottfarartíma skipsins.

Skipstjórum og stýrimönnum skal þó skylt að annast gæzlu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu.

8. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi skipstjóri og stýrimenn að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup skv. 6. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

9. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði skipstjóri eða stýrimenn frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkv. sjómannalögum.

Liggja skipstjóri eða stýrimaður sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipstjóra eða stýrimanni, sem fer úr skipsrúmi af framangreindum ástæðum.

10. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuslysaftryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur —, miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum, skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00

Framangreind ákvæði a. og b. liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og í skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna að verða teknar á samningstímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

11. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til váttryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans.

Missi skipstjóri eða stýrimenn fót sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkv. gildandi reglugerð.

12. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félaga 0.7% af kauptryggingu skipstjóra og stýrimanna, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður á skipið, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta skal greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers tryggingartímabils.

Um stjórnir styrktar- og sjúkrasjóðanna skal fara eftir nánara samkomulagi við F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

13. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili og/eða tryggingartímabili, skal útgerðinni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hvernar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða tryggingartímabili lýkur.

14. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningur milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi félaga F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Félagar L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta féлага F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu. Uppsagnarfrestur skipstjóra og stýrimanna skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af heggja hálfu. Verði verkfall eða verkþann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í. skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkþannsins.

Óheimilt er félögum hlutaðeigandi féлага að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkþann er.

Sé skip sent til sildar- og fiskileitar eða til fiskirannsóknna, þarf að semja um það sérstaklega.

15. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipstjóra og stýrimenn, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

16. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en skipverji fer úr skiprúmi.

17. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir fyrir veiðar á heimamiðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

18. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatríði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi, (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

19. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoðað skal ákvæði 5. gr. um frádráttarprösentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprösentu skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2 mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

IV.

SÍLDVEIÐISAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar, um kaup og kjör vélstjóra á síld- og loðnuveiðum.

1. gr.

Samningur þessi gildir fyrir vélstjóra á skipum, sem gerð eru út til síld- og loðnuveiða með hringnót, og tekur til allra skipa, sem útgerðarmenn, er að samningi þessum standa, eiga, leigja eða hafa að öðru leyti útgerðarstjórn á.

2. gr.

Hlutir vélstjóra.

Hlutur I. vélstjóra skal aldrei vera minni en $1\frac{1}{2}$ hásetahlutur, II. vélstjóra $1\frac{1}{4}$ hlutur og III. vélstjóra $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur. Hlutir þessir eru miðaðir við mannfjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa, eins og fram kemur í grein þessari hér á eftir.

Auk ofangreinds skulu vélstjórar fá föst laun á mánuði kr. 624.00.

- a) Á skipum undir 60 rúml., 39% er skiptist í 10 staði
- b) Á skipum 60—120 rúml., 37.5% er skiptist í 11 staði
- c) Á skipum 120—130 rúml., 36.5% er skiptist í 11 staði
- d) Á skipum 130—240 rúml., 36.5% er skiptist í 12 staði
- e) Á skipum 240—300 rúml., 36.5% er skiptist í 13 staði
- f) Á skipum 300—500 rúml., 36% er skiptist í 14 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Fiskur dreginn á handfæri.

Vélstjórar eiga allan fisk, er þeir draga á færi, og fá þeir ókeypis salt í hann hjá útgerðinni, enda sé öll lipurð sýnd af skipsráðanda hálfu um geymslustað fyrir fiskinn.

4. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta af afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga), sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) I. vélstjóri	kr. 18 940.00
b) II. vélstjóri	— 15 783.00
c) III. vélstjóri	— 15 783.00

Vélstjórar greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipverji hefur rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem skipverji greiðir hann sjálfur, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Tryggingartímabil á síldveiðum skulu vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Séu stundaðar þorskveiðar í nótt, skulu þær fylgja sama tryggingartímabili og síldveiðar, enda séu þorskveiðarnar stundaðar næst á eftir þeim veiðum og í beinu framhaldi af þeim. Sama gildir um loðnuveiðar.

Þegar skip er á veiðum þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Þegar skipverjar salta síld um borð, skal miðað við tunnufjölda, sem húið er að afla þegar tímabilin skiptast.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

5. gr.

Um sölu aflans og verð.

Vélstjórum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968 og samkomulag um verkunarlaun, en þá fá vélstjórar í sinn hlut verkunarlaun og hlut úr hráefnisverði saltsíldar, miðað við uppsaltaða tunnu.

Verkunarlaun reiknast ekki inn í kauptryggingu.

Sé síld keypt til söltunar af öðru veiðiskipi, skulu skipverjar fá til skipta mismun á kaupverði þeirrar síldar og verðmæti uppsaltaðrar tunnu, eins og það er ákveðið af verðlagsráði sjávarútvegsins.

Þegar skip selur síld erlendis, skal áður en til skipta kemur, draga 10% frá brúttósöluverði, þegar um bræðslusíld er að ræða, en 19% þegar um síld til annarrar vinnslu er að ræða, sbr. og lög nr. 79/1968.

6. gr.

Launagreiðslur fyrir vinnu milli veiðitímabila o. fl.

Þegar vélstjórar vinna við skip milli veiðitímabila, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmiði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

Vinni sömu aðilar ólögskráðir við skip utan heimahafnar þess, og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði. Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Vélstjórum skal tryggð dagvinna, skv. því sem segir í 1. mgr., milli veiðitímabila, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi vélstjóri óski vinnunnar. Útgerðarmaður á sömuleiðis rétt á að óska eftir því að vélstjóri vinni.

Verði sjótjón eða vélabilun meðan á veiðitímabilinu stendur, og þurfi vélstjórar að vinna við skipið, skal þeim greitt eftir að þeir hafa unnið í samtals 12 klst. að viðgerð sama kaup og getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Vélstjóra skal tryggð 6 tíma lágmarkshvöld á sólarhring.

Annist vélstjóri vélgæzlu ólögskráður á frídögum sínum, skal útgerðarmaður greiða honum sem nemur 2 tíma vinnu á dag, og skal miða við helgidagakaup.

Útgerðarmaður skal greiða sammingsaðilum tímavinnukaup og eftirvinnukaup vikulega.

7. gr.

Hafnarfrí.

Ef komið er til heimahafnar, eða hafnar í nágrenni við heimahöfn, eftir þriggja vikna útivist frá heimahöfn eða lengur, skal vélstjóri fá minnst sólarhrings frí frá skipi.

Komi skip í heimahöfn innan þessara þriggja vikna til losunar á afla eða af öðrum ástæðum, og stöðvar skemmri tíma en 24 klst., skerðir það ekki rétt vélstjóra til leyfis, skv. 1. mgr.

Stöðvi skip í 24 klst. eða lengur í heimahöfn af einhverjum ástæðum, skal útivist reiknast frá brottfarartíma skipsins.

Vélstjórum skal þó skylt að annast gæzlu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu.

8. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi vélstjóri að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup samkv. 6. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

9. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði vélstjóri frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannaalögum.

Liggja vélstjóri sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á vélstjóra, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

10. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuslysaftryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskirteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis.

Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

Framangreind ákvæði a) og b) liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og í skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna að verða teknar á samningstímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

11. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til váttryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans.

Missi vélstjóri fót sin eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkv. gildandi reglugerð.

12. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félags 0.7% af kauptryggingu vélstjóra, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður í skiprúm, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta er greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers kauptryggingartímabils.

Um stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs skal fara eftir nánara samkomulagi milli F.F.S.Í og L.Í.Ú.

13. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili, og/eða tryggingartímabili, skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga, sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hvernar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða lok tryggingartímabils.

14. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í, er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur vélstjóra skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Verði verkfall eða verkþann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkþannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkþann er.

Sé skip sent til síldar- og fiskileitar eða til fiskirannsóknna, þarf að semja um það sérstaklega.

15. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir vélstjóra, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

16. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en skipverji fer úr skiprúmi.

17. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir fyrir veiðar á heimamiðum og fjarlægum miðum. Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag. Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

18. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatríði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

19. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósentu skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2 mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

V.

FLUTNINGASAMNINGUR

milli Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar um kaup og kjör skipstjóra og stýrimanna á fiskiskipum, er stunda innanlandsflutninga eða flytja ísvarinn fisk til sölu á erlendan markað, svo og kjör sömu aðila, er þeir flytja skip milli landa.

1. gr.

Laun skipstjóra og stýrimanna.

Grunnlaun:

- | | |
|--|---------------|
| a) Mánaðarkaup skipstjóra skal vera | kr. 22 664.00 |
| b) Mánaðarkaup I. stýrimanns | — 19 427.00 |
| c) Mánaðarkaup II. stýrimanns | — 17 440.00 |

Stýrimenn hafa umsjón með ísun fisksins samkvæmt ákvæði 3. gr. þessa samnings.

2. gr.

Hafnarfrí.

Á skipum, er sigla landa í milli, skulu skipstjóri og stýrimenn, að lokinni ferð frá útlöndum, fá frí í heimahöfn í 24 klst.

3. gr.

Vinnutími skipstjóra og stýrimanna.

Vinnutími skipstjóra og stýrimanna, er samningur þessi tekur til, skal vera: Á siglingu, þegar vöktum er skipt, 12 klst. á sólarhring.

Þegar skip liggur í höfn 8 klst. á sólarhring.

Sé vinnutími lengri en 8 klst., eftir að hafnarfrí er lokið, skal greiða skipstjóra og stýrimönnum sama eftirvinnukaup og sveinum í vélsmiði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

4. gr.

Fæði.

Skipstjórar og stýrimenn skulu hafa frítt fæði meðan þeir eru skráðir á skip.

Fæðispeningar skulu vera kr. 92.00 á dag.

5. gr.

Launagreiðslur.

Þegar skipstjóri eða stýrimaður vinna ólögskráðir við skip, og þurfa búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði. Útgerðarmaður greiði ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Þegar skipstjóri og stýrimenn vinna við skipið ólögskráðir, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmiði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

6. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi skipstjóri eða stýrimenn að ferðast frá ráðningarstað til skips, skulu þeir taka kaup skv. 5. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Útgerðarmenn greiði allan ferðakostnað og upphald, eftir nánara samkomulagi.

7. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði skipstjóri eða stýrimenn frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.

Liggi skipstjóri eða stýrimenn sjúkir í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum eða samningi, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipstjóra eða stýrimanni, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

8. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum, um atvinnuslysaftryggingu.

ingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) **Ábyrgðartrygging.**

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

9. gr.

Trygging á munum skipverja.

Tjón á fötum og öðrum eignum skipstjóra og stýrimanna, er að samningi þessum standa, greiðir útgerðarmaður samkvæmt gildandi reglugerð.

Útgerðarmanni skal skylt að tryggja sig gegn þessum skaðabótakröfum viðkomandi samningsaðilum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóður.

Útgerðarmaður greiðir í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi samningsaðila kr. 90.00 á mánuði vegna skipstjóra og stýrimanna, sem samningur þessi tekur til, til þess að standa straum af veikinda- og sjúkrakostnaði. Fyrir ársmann í starfi skal gjald þetta greitt um hver áramót, annars um leið og reikningsuppgjör fer fram. Um stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðsins skal fara eftir nánara samkomulagi við L.Í.Ú.

11. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningur milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur skipstjóra og stýrimanna skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu.

Verði verkfall eða verkþann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkþannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkþann er.

12. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Orlofsfé er greitt 7% af öllum launum, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Sjúkrasamlagsgjöld greiði útgerðin, meðan viðkomandi er lögskráður á skip.

13. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en skipstjóri eða stýrimaður fer úr skiprúmi.

14. gr.

Hækkun kaupliða.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skal kaup samkvæmt honum hækka í samræmi við það.

15. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatríði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

16. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir eða fyrir 1. nóvember ár hvert.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, getur hvor samningsaðili sagt samningnum upp án fyrirvara.

Nú verður breyting á lögskráðu gengi íslenskru krónunnar, og er þá samningur þessi uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, og heldur hvor aðili sínu.

VI.

FLUTNINGASAMNINGUR

milli undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga hins vegar, um kaup og kjör vélstjóra á fiskiskipum, sem stunda flutninga, þar með talin skip, er flytja ísvarinn fisk til sölu á erlendan markað, svo og kjör sömu aðila, er þeir flytja skip milli landa.

1. gr.

Laun vélstjóra.

Mánaðarkaup vélstjóra skal vera sem hér segir:

	Grunnlaun:
I. vélstjóri	kr. 20 162.00
II. vélstjóri	— 17 440.00

2. gr.

Hafnarfrí.

Á skipum, sem stunda flutninga milli landa, skulu vélstjórar að lokinni ferð frá útlöndum fá 24 klst. frí í heimahöfn.

3. gr.

Vinnutími vélstjóra.

Vinnutími vélstjóra á skipum, er samningur þessi tekur til, skal vera sem hér segir: Á siglingu, þegar vöktum er skipt, 12 klst, á sólarhring. Þegar skipið liggur í höfn 8 klst. á sólarhring, eftir að lokið er hafnarfrí, sem um getur í 2. gr. þessa samnings.

Vinni vélstjórar lengri tína á sólarhring, skal þeim greitt yfirvinnukaup, eins og sveinar hafa í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

4. gr.

Fæði.

Vélstjórar þeir, er samningur þessi tekur til, skulu hafa frítt fæði meðan þeir eru lögskráðir á skip. Sé um fæðispeninga að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 á dag.

5. gr.

Launagreiðslur.

Vinni vélstjórar, er samningur þessi tekur til, ólögskráðir við skip, og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma, og auk þess frítt fæði og húsnæði, ef með þarf.

Í þessum tilfellum greiðir útgerðin allan ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið ferðir milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þegar um það er að ræða.

6. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi vélstjóri að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup samkvæmt 5. gr., frá og með þeim degi er sú ferð hefst.

Útgerðarmenn greiði allan ferðakostnað og uppihald.

7. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði vélstjóri frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.

Liggi vélstjóri sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum eða samningi, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á vélstjóra, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

8. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum, um atvinnuslysaftryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

9. gr.

Trygging á munum skipverja.

Missi vélstjórar fót eða aðrar eigur, er þeir hafa með sér á skipinu, við eldsvoða, sjóskaða eða þess háttar, greiðir útgerðin þeim skaðabætur samkvæmt núgildandi reglugerð.

Útgerðarmanni skal skylt að tryggja sig gegn þessum skaðabótakröfum viðkomandi samningsaðilum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóður.

Útgerð skipsins skal greiða í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi félags kr. 90.00 pr. mánuð fyrir hvern vélstjóra. Gjald þetta skal útgerðin greiða félögum ársfjórðungslega sé um að ræða skip, er stunda flutninga samfellt lengur en þrjá mánuði, annars að loknu því tímabili, er flutningarnir stóðu, og sé um eina ferð að ræða, þá að henni lokinni.

11. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur vélstjóra skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu.

Verði verkfall eða verkban hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkban er.

12. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir vélstjóra, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

13. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en vélstjóri fer úr skiprúmi.

14. gr.

Hækkun kaupliða.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samnings þessa, skal kaup vélstjóra hækka í samræmi við það.

15. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatríði vegna samnings og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi, (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvor-um aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

16. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir eða fyrir 1. nóvember ár hvert.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, getur hvor samningsaðili sagt samningnum upp án fyrirvara.

Nú verður breyting á lögskráðu gengi Íslenzku krónunnar, og er þá samningur þessi uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

VII.

SAMKOMULAG

um söltunarlaun og uppgjör við skipverja á sjósaltaðri síld.

Í verkunarlaun, þ. e. hausskurð og slógdrátt á nýrri síld, niðurlagningu, tilslátt, þæklun og stúfun, greiðist skipverjum, sem að þessu vinna, svo sem samrýmist skyldustörfum hvers og eins, kr. 205.00 fyrir hverja tunnu verkaðrar síldar, til jafnra skipta þeirra á milli. Sé síldinni ekki raðað í tunnurnar, en látin í lög, þannig að hún liggi slétt í hæfilegum lögum í tunnunum, greiðist á sama hátt kr. 185.00 pr. tunnu.

Þegar síld er söltuð um borð í veiðiskípi, skal skipverjum tryggð 6 klst. hvíld á sólarhring.

Sé notuð vél, sem haussker og slógdregur síldina, skal greiða 15% lægri söltunarlaun en að framan greinir.

Sé sykur og/eða krydd blandað um borð í skipinu, skal greiða 8% hærri söltunarlaun en að framan greinir.

Skipverjum skal greiddur aflahlutur úr síldinni miðað við það hráefnisverð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður á uppsaltaðri tunnu.

Skipverjar eru undanþegnir losun síldarinnar úr skipi og móttöku á tunnnum og salti, að undanskildum einum manni, sem annast eftirlit og umsjón með þeim störfum. Sé síldin losuð úr veiðiskípi í sérstakt flutningaskip, sem flytur síldina í land, skulu skipverjar vinna í veiðiskípinu að losun síldarinnar og móttöku á tunnnum og salti, og telst sú vinna innifalin í framangreindum verkunarlaunum. Merkja skal síldartunnur hvers veiðiskíps greinilega um leið og þeim er umskipað í flutningaskip.

Til grundvallar síldarverði til skipverja og söltunarlaunum skal leggja 95 kg að meðalvigt, sem þá telst uppsöltuð tunna, og skal finna meðalvigt með því að vigta upp úr tuttugustu hverri tunnu sama dag, sem síldinni er skipað í land. Útgerðarmaður skal aðeins setja gallalausar tunnur um borð, enda ber hann ábyrgð á síldinni, hvað umbúðir snertir.

Þegar veiðiskipi verður greitt flutningsgjald fyrir að flytja síld til lands, skal flutningsgjaldið koma til skipta á sama hátt og aflaverðmætið.

Brotni tunna eða tapist við umskipun, greiðast engin söltunarlaun eða hráefnisverð fyrir þá tunnu.

Hækki verkunarlaun í landi frá undirskrift þessa samkomulags, skulu verkunarlaun þau, sem um getur í 1. mgr. hækka í sama hundraðshluta.

Samkomulag þetta gildir til 1. maí 1970, og framlengist óbreytt um eitt ár, verði því ekki sagt upp með mánaðar fyrirvara.

VIII.

SAMKOMULAG

um Lífeyrissjóð.

1. Það er samkomulag samningsaðila, að þeir beiti sér fyrir því á árinu 1969, að bátasjómönnum verði með lögum tryggð aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Samningsaðilar skulu fá aðild að stjórn þess sjóðs í hlutfalli við hlutdeild iðgjaldagreiðslna bátasjómanna og útvegsmanna til sjóðsins.
2. Ef ekki næst samkomulag um aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, skal stofnaður sérstakur Lífeyrissjóður bátasjómanna. Ef sjóðurinn verður sjálfstæð stofnun skal stjórn sjóðsins skipuð einum manni frá Sjómannasambandi Íslands, einum manni frá F.F.S.Í., tveim mönnum frá L.Í.Ú. og einum manni tilnefndum af Hæstarétti, og sé hann jafnframt formaður stjórnar sjóðsins.
3. Iðgjaldagreiðslur skulu vera 10%, útvegsmenn greiða 6% en sjómenn 4%.
4. Sjóðurinn skal taka til starfa 1. janúar 1970 og greiðast það ár 40% iðgjalda, árið 1971 80% iðgjalda og full iðgjöld frá ársbyrjun 1972.
5. Iðgjaldagreiðslur fyrir árið 1970 skulu miðast við eftirfarandi:

Fyrir skipstjóra	kr. 20 000.00 á mán.
Fyrir 1. stýrim. og 1. vélstj.	— 18 000.00 á mán.
Fyrir 2. stýrim., 2. og 3. vélstj., netamann og matsvein	— 16 000.00 á mán.
Fyrir háseta	— 14 000.00 á mán.
6. Í ársbyrjun 1971 skulu upphæðirnar í lið 5 endurskoðaðar, og skulu þær hækkaðar í sama hundraðshluta og kauptrygging háseta hækkar á árinu 1970. Á sama hátt skulu upphæðir þessar endurskoðaðar við hver áramót.
7. Öllum bátasjómönnum er skylt að vera aðilar að sjóðnum. Þó skal sjómönnum eigi skylt að vera aðilar að sjóðnum í fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi er hjá sömu útgerð, séu þeir ekki þegar orðnir sjóðsfélagar, en ávallt er þó sjómanni heimilt að gerast aðili, og ber þá að greiða iðgjöld í sjóðinn hans vegna. Þeim sjómönnum, sem hættir eru störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi aðild, enda vinni þeir í landi við útgerð. Fer um þetta eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.
8. Lausafé hins væntanlega sjóðs, skal að ákveðnum hluta ávaxtað í bönkum og/eða sparissjóðum í heimabyggð sjómanna og útvegsmanna, sem í sjóðinn greiða.
9. Frumvarp að lögum og reglugerð um sjóðinn skal staðfest af samningsaðilum.

IX.

SAMKOMULAG

um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum.

Aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, þannig, að til báta 151 brúttólest og stærri verði greiddar

100 krónur vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttólest að stærð verði þessi greiðsla 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins.

Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr Aflatryggingasjóði.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði hlutast ríkisstjórnin til um að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á f.o.b.-verðmæti fiskafurða þeirra, sem nú eru útflutningsgjaldsskyldar.

Reykjavík, 10. febrúar 1969.

Torfi Hjartarson. **Logi Einarsson.**